

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Deiliskipulag Hellnabrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 8. ágúst 2007 deiliskipulag Hellnabrauns, 2. áfanga, Breiðhella 2 í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér þær breytingar að lóðin stækkar úr 4.295 m<sup>2</sup> í 4.919,6 m<sup>2</sup> og jafnframt breytist byggingarreitur. Farið var með deiliskipulagið skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 4. september 2007,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2007